

## Aðalfundur Cruise Iceland

03.04.2024 – Fundur haldin kl. 16:00-18:30

Staður: Hótel Hamar í Borgafirði.

### Fundargerð:

Formaður Pétur Ólafsson bauð fundarmenn velkomna og kynnti að þetta væri 20. aðalfundur Cruise Iceland. Gerði hann tillögu um að Ingi Þór Guðmundsson frá Nonni Travel yrði fundarstjóri og Þorleifur Þór Jónsson frá Íslandsstofu væri fundarritari. Það samþykkt samhljóða.

Fundinn sóttu 28 fulltrúar 18 aðildarfyrirtækja skv lista í lok fundargerðar. Þar sem til fundarins hafði verið boðað í samræmi við samþykktir og engar athugasemdir voru gerðar, skoðast hann löglegur. Á fundinum voru kynntir fimm nýir félagar en það eru SDKGroup, Skeljungur, Marmiðlun, Vesturferðir og Markaðsmiðjan um umsóknir þeirra höfðu áður verið samþykktar af stjórn.

Sigurður Jökull Ólafsson frá Faxafólahöfnum flutti skýrslu stjórnar. Megin verkefni stjórnar var að svara fyrir rangan og villandi fréttáflutning sem óhjákvæmilega hefur orðið fylgifiskur þeirra miklu aukningar sem hefur orðið í greininni. Var gripið til þess að fá Ingvar Örn Ingvarsson hjá Cohn&Wolfe almannatengsla stofunni til aðstoðar og hefur það leitt til jákvæðari og réttari fréttu. Mikil vinna fór einnig í fundarröð vegna komu Sky Princes sem skipulögð var í samvinnu við CLIA.

Emma Kjartansdóttir frá Iceland Travel fór yfir ársreikninga fyrir árið 2023 og fjárhagsáætlun fyrir árin 2023 og 2024. Niðurstaða rekstrar var tap upp á 7.908.704 sem er talsverð breyting frá hagnaði undanfarinna ára. Var þetta til komið fyrst og fremst vegna aðkeyprar þjónustu almannatengsla og funda í tengslum við Sky Princes. Eru þessir tveir liðir um 10 milljónir í gjöld og var það að mestu tekið af eigin fé sem hefur því rýrnað úr 8.509.180 árið 2022 í 2.072.721 í árslok 2023. Kynnt var tillaga að fjárhagsáætlun fyrir 2024 og 2025 þar sem lagt er upp með að tekjur verði um 28 milljónir í stað 15,8 milljóna árið 2023. Verður það gert með því að hækka aðildargjöld stærri félagsmanna verulega og nýta það aukna fjármagn í almannatengsl.

Eftirfarandi tillaga að árgjöldum var lögð fram

	Flokkur 1	Flokkur 2	Flokkur 3	Flokkur 4
	Farþegar	Farþegar	Farþegar	Farþegar
	1-10.000	10.001-50.000	50.001-100.000	100.001 og yfir
<b>Hafnir</b>				
Tengt umfangi	-	300.000	700.000	1.100.000
Fast gjald	390.000	390.000	390.000	390.000
Samtals árgjald	<b>390.000</b>	<b>690.000</b>	<b>1.090.000</b>	<b>1.490.000</b>
<b>Umboðsmenn og ferðaskrifstofur</b>				
	Farþegar	Farþegar	Farþegar	Farþegar
	1-10.000	10.001-50.000	50.001-100.000	100.001 og yfir
Tengt umfangi	-	300.000	700.000	1.100.000
Fast gjald	390.000	390.000	390.000	390.000
Samtals árgjald	<b>390.000</b>	<b>690.000</b>	<b>1.090.000</b>	<b>1.490.000</b>
<b>Aðrir</b>				
Fast gjald		390.000		

Ekki voru frekari umræður um ársskýrsla, reikningar og fjárhagsáætlun þannig að þau skoðast samþykkt. Sérstaklega var kynnt að atkvæðamagn á aðalfundi reiknast af greiddum félagsgjöldum þannig að hver króna í félagsgjöld gefur eitt atkvæði.

Eftirfarandi tillaga um stjórn fyrir árið 2024 var flutt og samþykkt. Stjórnarmeðlimir eru kosnir ár í senn.

**Aðalmenn:**

Emma Kjartansdóttir, Iceland Travel  
Sigurður Jökull Ólafsson Faxaflóahafnir sf.  
Anna B. Gunnarsdóttir, Ferðaskrifstofan Atlantik  
Íris Jóhannsdóttir, Gára  
Jóhanna Tryggvadóttir, Hafnasamlag Norðurlands

**Varamenn:**

Aðalheiður Borgþórsdóttir, Hafnir Múlþings  
Blængur Blængsson, Samskip  
Unnur Elva Arnardóttir, Skeljungur  
Hilmar Kristjánsson Lyngmo, Ísafjarðarhöfn  
Hafsteinn Garðarsson, Grundarfjarðarhöfn

Gerð tillaga um að KPMG verði löggiltir endurskoðendur og það samþykkt.

**Breytingar á samþykktum.**

Lagðar voru fram tillögur að breytingum á samþykktum þar sem þær eru uppfærðar til að endurspeglar betur núverandi starfsemi samtakanna sem hefur á 20 árum færst frá því að vera aðalega markaðssetning yfir í hagsmunagæslu. Fundarmenn höfðu fengið samþykktirnar sendar fyrir fundinn og því búnir að kynna sér efni þeirra. Kom fram fyrirspurn frá Gunnari Rafni um einstaklingsaðild sem var svarað.

**Önnur mál.**

Úlfar Antonsson mætti á fundinn og flutti ítarlegt erindi um tölfræðilega greiningu á umfangi farþegaskipa við Ísland, Færeyjar og Grænland.  
Ingvar Örn Ingvarsson frá Cohn&Wolfe mætti í gegnum fjarfundarbúnað og kynnti helstu áherslur sem verða í þeirra starfi fyrir samtökin.

Aðalfundi formleg slitið kl 18:30 og var Pétur Ólafssyni fráfarandi formanni þökkuð vel unnin störf með gjöf.

Nýkjörin stjórn kom saman að fundi loknum og skipti með sér verkum. Sigurður Jökull kjörinn formaður og Emma varaformaður.

Fundargerð ritar ÞÞJ.

Fylgigöng með útsendri fundargerð.  
Uppfærðar samþykktir.

## Fundargestir

### Fyrirtæki

Atlantik  
Ekran  
Faxaflóahafnir  
Faxaflóahafnir  
Fjarðabyggðarhafnir  
Fjarðabyggðarhafnir  
Gára ehf  
Gára ehf  
Gára ehf  
Grundarfjarðarhöfn  
Hafnasamlag Norðurlands  
Hafnir Ísafjarðarbæjar  
Hafnir Ísafjarðarbæjar  
Hafnir Múlaþings  
Hafnir Múlaþings  
Iceland Travel  
Iceland Travel  
Iceland Travel  
Markaðsmiðjan ehf  
Marmiðlun  
Marmiðlun  
Nonni Travel  
Samskip  
Samskip  
Siglufjarðarhöfn  
Stykkishólmshöfn  
Vesturferðir ehf  
Vesturferðir ehf

### Fulltrúi

Gunnar Rafn Birgisson  
Hildur Björgvinsdóttir  
Sigurður Jökull Ólafsson  
Gísli Jóhann Hallsson  
Íris Dögg Aradóttir  
Birgitta Rúnarsdóttir  
Iris Johannsdóttir  
Jafet Sigurfinnsson  
Igor Bjarni Kostic  
Hafsteinn Garðarsson  
Pétur Ólafsson  
Hilmar Lyngmo  
Heimir G. Hansson  
Rúnar Gunnarsson  
Aðalheiður Borgþórsdóttir  
Emma Kjartansdóttir  
Hildur Karen Ragnarsdóttir  
Ingunn Hjaltalín Ingólfssdóttir  
Jón Þórir Sigurðarson  
Gylfi Fleckinger Örvarsson  
Sigurður Óskar Níelsson  
Ingi Þór Guðmundsson  
Helga Snót Jónsdóttir  
Þorgils Heimisson  
Anita Elefsen  
Einar Þór Strand  
Jón Auðun Auðunarson  
Karlotta Dúfa Markan